

Múlaþing
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

22. janúar 2026
UOS2501613/H.M.V.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 16. september 2025 – ID 236

Þann 16. september sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Múlaþings við Tjarnarland. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Frávik frá gr. 1.2 í starfsleyfi. Óheimilt er að geyma úrgang á urðunarstaðnum. Sekkir með dekkjakurli voru tiltæk á urðunarstaðnum við eftirlit ársins 2023 sem óheimilt er að urða skv. d-lið 8. gr. í rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Rekstraraðili hefur unnið að úrlausn til að ráðstafa dekkjakurlinu af urðunarstaðnum sem ekki hefur borið árangur. Við eftirlitið lá fyrir áætlun um brottflutning dekkjakurlsins sem komin var á lokastig og lág fyrir möguleg tímasetning fyrir vegna framkvæmdar hennar. Þann 5. janúar sl. kom fram frá rekstraraðila að vandamál hafi komið upp varðandi millilið við útflutninginn og að þeim sökum gengi áætlunin ekki upp í þeirri mynd sem ráðgert var en unnið væri að tilboði í útflutninginn og enn á áætlun að ráðstafa kurlinu frá urðunarstaðum. Eingöngu verður hægt að ljúka frávikinu þegar staðfesting þess efnis berst frá rekstraraðila til Umhverfis- og orkustofnunar að búið sé að fjarlægja dekkjakurlin af staðnum og ráðstafa í viðeigandi farveg. Fráviki er því ólokið.
2. Frávik frá gr. 1.2 í starfsleyfi og varðaði að urðað var umfram heimildir árið 2023, frávik var sett fram í eftirliti ársins 2024. Heimilt er að taka á móti og urða allt að 2.500 tonn af úrgangi á ári á urðunarstað Múlaþings við Tjarnarland (hámark 10 t á sólahring). Árið 2023 voru urðuð þar alls 2.536 t af úrgangi, eða um 1,44% umfram heimild í starfsleyfi. Rekstraraðili vann eftir samþykktari úrbótaáætlun vegna fráviksins sem taka átti út í eftirliti nú. **Úrbætur hafa gengið eftir og séð að markmið rekstraraðila um að draga úr magni urðanlegs úrgangs hefur gengið eftir og er því frávikinu lokið.**

Engar ábendingar eða frávik eru sett fram við eftirlit 2025.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir uppfærðri tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði er varðar eldra frávik (nr. 1) í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 11. febrúar 2026. Ef staðfesting berst til Umhverfis- og orkustofnunar að búið sé að fjarlægja dekkjakurlin af staðnum fyrir þann tíma og koma í viðeigandi farveg að þá er ekki þörf á að leggja fram úrbótaáætlun.

Virðingarfyllst,

Halla Margrét Viðarsdóttir

sérfræðingur í teymi eftirlits

Sigríður Magnúsdóttir

sérfræðingur í teymi eftirlits